

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 283/1991.

Valgeir Valgeirsson

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Samtogi hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Veikindaforföll. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní sama ár. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 248.292 krónur með dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar og sjóveðsréttar í bv. Sindra VE-60 fyrir dómkröfum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í héraðsdómi er rakið vottorð Knúts Björnssonar, sérfræðings á lýtalækningadeild Landspítalans, um slys það, sem áfrýjandi varð fyrir 7. september 1987, og aðgerð þá, er hann gekkst undir í janúar 1989. Kemur þar fram meðal annars, að strax eftir slysið hafi orðið ljóst, að gera yrði síðar aðgerðir á brunaörum í andliti svo og til þess að lagfæra hægri neðra augnlok og efri vör hægri megin. Auk aflögunar á augnloki og efri vör hafi áfrýjandi orðið kulvís í allri hægri kinn og einnig haft þar sviða og óþægindi. Hafi graftarkýli myndast þar vegna truflunar í skeggrót. Örmyndun þurfi að ganga í gegnum ákveðinn þroskaferil og aðgerð sé ekki tímabær fyrr en eftir eitt til eitt og hálft ár. Aðgerðin sé alls ekki hrein lýtaaðgerð, heldur gerð „vegna sjúklegs ástands eftir brunaáverkana“. Fyrir dómi kvað lækinn lækisfræðilegar ástæður hafa legið til þess, að áfrýjandi fór í aðgerðina í janúar 1989 til að fá bata af hinu sjúklega

ástandi í kinninni, fyrir utan það að mikið hafi tekið í neðra augnlokið, sem gapti og þannig hafi augað ekki átt að vera. Hafi slímhúð augans verið hætta búin af þessu. Samkvæmt öðru vottorði læknisins var áfrýjandi óvinnufær frá 5. janúar til 19. febrúar 1989.

Fram kom í skýrslu áfrýjanda fyrir dómi, að þótt hann hefði stundað vinnu fram að aðgerðinni hefði honum liðið mjög illa vegna stanslauss kláða og graftar.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, þykir ekki leika vafi á um það, að aðgerðin á áfrýjanda í janúar 1989 hafi verið nauðsynleg til að bæta úr sjúklegu ástandi, sbr. ofangreinda lýsingu hins sérfróða læknis. Hana var ekki unnt að gera fyrr en að liðnum nokkrum tíma frá slysinu 7. september 1987. Ber að líta á þennan sjúkaleika í beinum tengslum við slysfarirnar og telja hann hafa leitt til óvinnufærni í skilningi 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Óumdeilt er í málinu, að áfrýjandi fékk greidd laun frá stefnda í 3 mánuði í fjarveru vegna brunaslyssins á árinu 1987. Stefndi túlkar 36. gr. sjómannalaga svo, að þegar um ítrekuð forföll sé að ræða vegna sama sjúkdóms eða slyss, endurnýist sá réttur ekki á 12 mánaða fresti eða á öðru tímabili. Vísar hann þessu til stuðnings til dóms Hæstaréttar 23. mars 1960 í málinu nr. 165/1959. Af hálfu áfrýjanda er því hins vegar haldið fram, að það sé venjubundin og viðurkennd túlkun á þessu ákvæði, að á hverju 12 mánaða tímabili endurnýist réttur til veikindalauna. Upplýst er þó í málinu, að þetta hefur verið deiluefni milli samtaka sjómanna og útgerðarmanna og ekki náðst um það samkomulag við gerð kjarasamninga.

Orðalag 36. gr. sjómannalaga þykir eigi heimila svo rúma túlkun að þessu leyti, sem áfrýjandi byggir á, og ber hér meðal annars að hafa í huga niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindum dómi 23. mars 1960. Eru því ekki skilyrði til að taka kröfur áfrýjanda til greina, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Gunnars M. Guðmundssonar og
Guðmundar Jónssonar

Við teljum, að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans, en erum sammála meiri hluta dómara um, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 28. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 18. desember 1989.

Stefnandi er Valgeir Valgeirsson, Helgafellsbraut 18, Vestmannaeyjum.

Varnaraðili er Samtög hf., Strandvegi 50, Vestmannaeyjum, sem með samþykki stefnanda kom í stað Samtogs sf., sem upphaflega var stefnt.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði kr. 248.292,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 19.2. 1989 til greiðsludags og málskostnað með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Hann krefst og staðfestingar sjóveðsréttar í bv. Sindra VE-60 fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem var skipverji á skipi stefnda, bv. Sindra VE-60 brenndist í slysi 7. september 1987, þar sem hann var gestkomandi í húsi sem kveikt var í. Hann var lengi frá vinnu vegna slyssins, en kom til starfa á ný í ársbyrjun 1988. Stefndi greiddi stefnanda staðgengilskaup í tvo mánuði, frá 14.9.–14.11. 1987, sbr. 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, og síðan kauptryggingu í einn mánuð, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Í ársbyrjun 1989 fór stefnandi í skurðaðgerð á Landspítalann, húðflutning og ígræðslu í andliti vegna brunaslyssins. Þá var hann frá vinnu 5. janúar til 19. febrúar 1989. Hann leitaði til útgerðarinnar um greiðslu veikindalauna fyrir þennan tíma, en fékk synjun.

Knútur Björnsson læknir, sérfræðingur á lýtalækningadeild Landspítalans, sem annaðist stefnanda strax eftir slysið og gerði aðgerðina 9. janúar 1989, hefur í málinu gefið svofellt vottorð, dags. 20. september 1990:

„Valgeir varð fyrir mjög alvarlegum brunaáverkum af eldi í andliti og á höndum, þann 7. september 1987, svo að flytja varð húð á III. gráðu brunasár í andliti og á höndum. Afleiðingarnar af þessu slysi urðu mikil brunaör í andlitinu, sérstaklega hægra megin, og orsökuðu þau,

sérstaklega, aflögun á hægra, neðra augnloki og á efrivör hægra megin. Það varð strax ljóst að það yrði að gera aðgerð á brunaörunum í andliti, til þess að lagfæra hægra, neðra augnlok svo og að laga efrivör. Auk nefndrar aflögunar á augnloki og efrivör varð hann kulvís í allri hægri kinn og hafði þar að auki sviða og óþægindi í allri hægri kinn fyrir utan að hafa truflun í skeggrótinni á efrivör og kinninni, sem leiddi til smá-graftarkýla. Örmyndun þarf að ganga í gegnum ákveðinn þroskaferil áður en gerðar eru betrubætandi aðgerðir og er sá tími yfirleitt 1–1½ ár og er dæmt um það með eftirliti hvenær tímabært er að gera aðgerðina. Skurðaðgerð var gerð á Valgeiri þann 9. janúar 1989 og var þá í nokkurn tíma búið að vera tímabært að gera aðgerðina, en ekki fengist pláss á lýtalækningadeild fyrr. Þessi aðgerð og fleiri aðgerðir, sem þarf að gera í andlitinu á Valgeiri, vegna brunaðranna, eru alls ekki hreinræktaðar, electivar aðgerðir, heldur gerðar vegna sjúklegs ástands eftir brunaáverkann.“

Hér fyrir dómi lýsti læknirinn því, að strax hefði verið séð fyrir um framhaldsaðgerðirnar og stefnandi verið á biðlista, þar sem tími hafi verið kominn um miðjan desember 1988.

Stefnandi byggir kröfur sínar um greiðslu veikindalauna á 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ágreiningur aðila í máli þessu sé um tvennt, hvort hann hafi verið „óvinnufær“ í skilningi 36. gr. og hvort réttur til veikindalauna endurnýist á 12 mánaða tímabili.

Ekki sé vafi um, að hann hafi verið óvinnufær í skilningi 36. gr. sjómannalaga. Það komi skýrt fram í vottorði Knúts Björnssonar læknis og vitnaframburði hér fyrir dómi, að aðgerðin hafi verið liður í að bæta hið sjúklega ástand húðarinnar í andliti og að viss tími hafi þurft að líða á milli aðgerða.

Einnig sé ljóst, að á grundvelli venjubundinnar og viðurkenndrar túlkunar á framangreindum ákvæðum endurnýist réttur til veikindalauna á 12 mánaða tímabili.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi, að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær, þegar hann fór í aðgerðina 9. janúar 1989. Um hafi verið að ræða fegrunaraðgerð til að lagfæra útlitslýti, sem stafað hafi af brunasárunum. Stefnandi hafi verið á sjó allt árið 1988, og sé því ljóst, að hann hafi ekki verið óvinnufær.

Verði talið að óvinnufærni í merkingu 36. gr. sjómannalaga sé fyrir hendi byggir stefndi í öðru lagi á því, að hann hafi þegar greitt stefnanda að fullu

þann forfallakaupsrétt, sem hann eigi mestan rétt á. Gagnstætt því, sem stefnandi fullyrðir, hafi 36. gr. sjómannalaga alltaf verið túlkuð svo, að þegar um ítrekuð forföll sé að ræða vegna sama sjúkdóms eða slyss, þá endurnýst sá réttur ekki á 12 mánaða fresti eða á öðru tímabili. Hvað sjómenn snerti, hafi ætíð verið beitt þeirri lögskýringu, sem fram komi í dómi Hæstaréttar 1960:333, svonefndum Sementsverksmiðjudómi, og hingað til hafi ekki verið mótmælt af hálfu sjómannasamtakanna. Í þeim dómi hafi allri tímatakmörkun verið hafnað, og síðan hafi aðilar í samningum samið sig frá þessari reglu, sem Hæstiréttur hafi slegið fastri. Það sé gert í kjarasamningum og hafi ekki verið gert enn í samningum sjómanna. Túlka beri 36. gr. sjómannalaga þröngt, þar sem hún sé undantekning frá þeirri meginreglu að laun komi fyrir vinnu.

Niðurstaða.

Eins og læknir sá, sem annaðist stefnanda, hefur hér fyrir dómi lýst er ekki vafi á því að stefnanda var nauðsynlegt að fara í aðgerð þá, sem gerð var 9. janúar 1989 og var í framhaldi af þeirri meðhöndlun á brunasárunum, er hann hlaut strax eftir slysið 7. september 1987.

Skilyrði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er hins vegar, að skipverji verði óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla. Þrátt fyrir óþægindi af meiðslunum var stefnandi vinnufær, þegar hann fór í aðgerðina, og getur því ekki talist fullnægja þessu skilyrði laganna. Þegar af þessari ástæðu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina og ber að sýkna stefnda af þeim.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samtög hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Valgeirs Valgeirssonar, í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn málskostnað.
